

OZ-APPIÐ ER GARGANDI SNILLD AÐ MATI NOTENDA



**6. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2**



DALLAS

Gáfnaljosið Jordana
Brewster leikur í Dallas



LATIBÆR

Hin 11 ára gamla Chloe
Lang er hin nýja Solla stíróa




GOOD COP

Framhaldsmynd júlímánaðar
á Stöð 2 er bresk lögreglu-
saga framleidd af BBC



BESTA SVARIÐ

Söngvarinn Jón Jónsson
mætir með þrjá góða vini



**LÖGREGLA ÁN LANDAMÆRA
Í GLÆNÝJUM SAKAMÁLA-
ÞÁTTUM Á STÖÐ 2 Í JÚLÍ**

**FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD**



krakkar



GULL



BÍÓ



SPORT




SPORT 2

ÓMISSANDI Í VIKUNNI

HIÐ BLÓMLEGA BÚ
Miðvikudag
Kl. 20.00



BREAKING BAD
Fimmtudag
Kl. 21.10



ARRESTED DEVELOPMENT
Föstudag
Kl. 19.35




THE NEIGHBORS
Laugardag
Kl. 19.20



RIZZOLI & ISLES
Sunnudag
Kl. 20.35



BOSS
Mánudag
Kl. 22.20



TWO AND A HALF MEN
Þriðjudag
Kl. 20.45



BÚNINGARNIR FRÁBÆRIR

Hún er aðeins 11 ára en syngur, dansar og leikur eins og atvinnumaður. Chloe Lang leikur Solu stirðu í nýrri þáttaröð Latabæjar sem sýnd er á laugardögum í sumar.

LATIBÆR
Kl. 17.55 laugardagur

Hvað ertu gömul? Ég er ellefu ára, verð tólf í nóvember.

Hvaðan ertu? Ég er fædd og uppalin í Connecticut-ríki í Bandaríkjunum.

Hvenær byrjaðir þú að leika, syngja og dansa? Ég byrjaði í danskennslu átján mánaða gömul. Byrjaði að syngja þegar ég var sex og fór að læra leiklist sjö ára.

Hefur þú unnið í skemmtana-bransanum fyrir Latabæ? Ekki í sjónvarpsþáttum en ég hef leikið í auglýsingum.

Hvenær kynntist þú fyrst Latabæ? Ég sat oft með bróður mínum, sem er tveimur árum eldri en ég og var mikill aðdáandi þáttanna, og horfði á Latabæ þegar ég var lítil.

Hvernig fékkstu hlutverk Sollu? Ég fékk símtal frá umboðsmanninum mínum, sem sagði að ég hefði fengið boð í áheyrnarprufu í New York. Við fórum og tveimur dögum síðar var mér boðið að koma aftur. Hálfum mánuði síðar fékk ég hlutverkið.

Hvernig er að vinna með Magga Scheving? Hann er frábær. Honum fylgir mjög jákvæð orka og hann fær frábærar hugmyndir að atriðum. Það er mjög gaman að vinna með honum og við náum að afkasta miklu enda er hann afar orkumikill.

En hvernig er að vinna með brúðum? Það er mjög áhugavert. Stundum er það reyndar svolítið erfitt en ég hef fengið mjög góð ráð frá brúðustjórnendunum og við æfum okkur í að ná þessu rétt.

Hvað er erfiðast við að leika í Latabæ? Það er mikið um dansatriði í þáttunum, þar á meðal er tónlistarmyndband í hverjum þætti. Ég þarf því að læra mörg dansspor sem ég þarf að muna í heila viku.

Hvað er skemmtilegast við að leika í Latabæ? Skemmtilegast við vinnuna finnst mér að þættirnir



eru afar fjölbreyttir þegar kemur að búningum og sviðsmynd. Það er alltaf spennandi að sjá hvaða föt ég fæ að fara í og hvernig sviðsmyndin mun líta út. Stundum fæ ég líka að gera eigin áhættuatriði, þar sem ég flýg meðal annars í gegnum loftið fest í víra.

Hefur þú dvalið lengi á Íslandi? Ég var hér í hálft ár í fyrra, svo kom hálfs árs páska. Síðan er ég

á Íslandi núna í nokkra mánuði meðan tökur fara fram.

Hefur þú ferðast um landið? Ég fór gullna hringinn og í Bláa lónið. Fór til Vestmannaeyja, í Þórsmörk og víðar. Ég fór á Segway-hjól um síðustu helgi með vinum mínum og það var rosalega skemmtilegt.

Áttu einhver áhugamál? Mér finnst gaman að teikna og mála

og svo er ég að kenna sjálfri mér á gítar.

Hvað með skólann? Ég er með einkakennara sem er á tókustað og þegar ég er ekki í tökum fer ég til hennar og við lærum saman. Ég fer þannig fram og til baka.

Er þetta skemmtilegur lífsstíll? Já, mjög skemmtilegur, hann heldur mér við efnið.

OZ ER GARGANDI SNILLD

Hilmar Þór Guðmundsson, eigandi Sport.is, er himinlifandi notandi OZ-appsins.

„Ég hef notað OZ-appið víða en það hefur komið sér sérstaklega vel þegar ég hef verið á ferð og flugi og getað notað það við vinnu við að skrifa á Sport.is.“

Hann segir ákveðna kosti OZ-appsins koma sér vel.

„Það er frábært að geta spólað fram og til baka til að skoða atvik betur og hef ég nýtt mér það mikið til að skoða umdeild atvik í leikjum og þess háttar. Þá er gott að geta tekið upp efni til að horfa á síðar, en það hefur maður ekki getað nýtt

sér að neinu ráði síðan maður var með VHS-vídeótækið í notkun um árið.“

Hilmar er líka mjög kátur með OZ-appið þegar börn eiga í hlut.



„Það er gargandi snilld að hafa OZ-appið til notkunar þegar börn vilja einoka sjónvarpið. Þá getur maður horft á aðra dagskrá eða beinar útsendingar sjálfur. Svo sleppur maður við að hafa sjónvarp í eldhúsinu, en það er ansi

þægilegt að geta haft útsendingu á þegar maður stendur í stórræðum í matargerðinni.“

Hilmar hefur notað OZ-appið allt frá því það var í beta-prófunum.



Hilmar Þór Guðmundsson er framkvæmdastjóri Sport.is. Hann nýtir OZ-appið við flest tækifæri daglegrar tilveru.


„Mér finnst það eflast jafnt og þétt, enda verið að búa til forrit sem er einstakt á sínu sviði og ég efa ekki að erlendar sjónvarpsstöðvar eigi eftir að henda sér á svona lausnir eins og OZ og Stöð 2 eru að bjóða upp á.“

MED BA-GRÁÐU FRÁ YALE

Brasílíska leikkonan Jordana Brewster leikur Eleni Ramos í sjónvarpsþáttaröðinni Dallas. Jordana skaust fyrst upp á stjörnuhimininn í spennumyndinni Fast And The Furious.

DALLAS
Kl. 20.55
miðvikudagar

Jordana Brewster er 33 ára gömul leikkona sem fæddist í Panama. Móðir hennar, Maria João, er fyrrverandi sundfatafyrirsæta frá Brasilíu sem birtist á forsiðu tímaritsins Sports Illustrated á sínum tíma. Faðir hennar, Alden Brewster, er bankamaður frá Bandaríkjunum og afi hennar er Kingman Brewster, fyrrverandi skólastjóri Yale-háskólans. Þegar Jordana var aðeins tveggja mánaða flutti hún ásamt fjölskyldu sinni til Lundúna þegar afi hennar gerðist sendiherra Bandaríkjanna í Bretlandi. Hún bjó þar í sex ár og flutti þá til Rio de Janeiro í Brasilíu. Þar varð hún reiprennandi í portúgölsku. Eftir að hafa búið í fjögur ár í Brasilíu flutti fjölskyldan til Manhattan í New York. Þegar Jordana var aðeins fimmtán ára fékk hún sitt fyrsta hlutverk í sápuóperunni All My Children og einnig í As The World Turns, en fyrir þá þætti hlaut hún verðlaun fyrir leik. Hlutverk í myndinni The Faculty



árið 1998 hjálpaði henni að koma sér á framfæri. Árið 2001 fékk Jordana hlutverk í spennumyndinni The Fast and the Furious sem skaut henni upp á stjörnuhimininn. Hún þurfti að fara í aksturskennslu fyrir myndina, þar sem hún hafði ekki ökuþróf. Eftir það kom Brewster fram í nokkrum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Þrátt fyrir mikla velgengni kláraði Jordana námið sitt í Yale og út-

skrifaðist árið 2004 með BA-gráðu í ensku. Leikkonan kemur fram í fimm Fast and the Furious-myndum, árið 2001, síðan 2009, 2011, 2013 og þá er á planinu að frumsýna sjöundu myndina á næsta ári. Jordana er gift kvikmyndaframleiðandanum Andrew Form, en þau kynntust við tökum á The Texas Chainsaw Massacre: The Beginning.



ELDFIM MÁLEFNI Í VICE

Fréttaskýringabátturinn Vice frá bandarísku sjónvarpsstöðinni HBO hefur fengið mikið umtal undanfarið fyrir athyglisverð viðfangsefni. Þar er einblínt á eldfim málefni sem sjaldan rata í hefðbundna fréttatíma stærri sjónvarpsstöðva víða um heim. Bátturinn er ekki síst ætlaður ungu fólki sem vant er að innbyrða fréttir og upplýsingar gegnum netið.

Í næsta þætti verður fjallað um draugaborgirnar í Kína og eldfimt ástand í Egyptalandi.

Fyrir fimmtán árum breyttu stjórnvöld í Kína um stefnu og leyfðu þegnum landsins að fjárfesta í eigin húsnæði. Mikil hreyfing komst á fasteignamarkaðinn í kjölfarið. Nýjar borgir voru byggðar víða um landið, sem margar byggðu á vestrænni hönnun og minntu jafnvel á þekkt borgarhluta vestrænna borga. Vandamálið er bara að það býr enginn í þessum borgum. Liðsmenn Vice heimsækja meðal annars draugaborg í Innri Mongólíu sem var byggð til að hýsa milljón íbúa en stendur nú auð.

Margir héldu að ástandið myndi lagast í Egyptalandi eftir að Hosni Mubarak var steypt af forsetastóli fyrir tveimur árum. Fyrir mörgum Egyptum hefur þó lítið breyst og hefur ástandið í landinu verið eldfimt frá því að Mohamed Morsi tók við völdum árið 2012. Fréttamenn Vice heimsækja Kaíró, höfuðborg landsins, og ræða við mótmælendur sem vilja að Morsi láti af völdum.



RITA KENNIR Í CONNECTICUT

Leikkonan Anna Gunn úr þáttaröðinni Breaking Bad lék nýverið aðalhlutverkið í kynningarþætti nýrrar bandarískar þáttaraðar sem ber titilinn Rita. Þetta er fyrsta leikna sjónvarpsrían sem bandaríska kapalstöðin Bravo stendur að, en hún er endurgerð samnefndrar danskrar þáttaraðar sem sýnd var á Stöð 2 í vetur. Þættirnir fjalla um kennslukonuna Ritu sem kallar ekki allt ömmu sína. Hún hefur sterkar skoðanir á uppeldi barna, þó þær skoðanir samræmist ekki endilega skoðunum foreldra þeirra. Að sama skapi hafa margir skoðun á hennar eigin uppeldis-aðferðum. Í bandarísku þáttunum kennir Rita í einkaskóla í Connecticut Anna Gunn leikur smásagnahöfundinn Skyler White í þáttaröðinni Breaking Bad sem sýnd er á Stöð 2. Fyrir það hlutverk var hún meðal annars tilnefnd til Emmy verðlaunanna árið 2012 í flokki aukaleikkvenna.





GÓÐA LÖGGAN

GOOD COP
framhaldsmynd mánaðarins
Sýnd 2. júlí kl 21.10 og 3. júlí kl. 21.35

Framhaldsmynd júlímánaðar er breska lögreglusagan Good Cop, sem er framleidd af BBC. Þættirnir uppskáru mikla athygli þegar sýningu lokabáttarins var frestað af virðingu við fjölskyldur tveggja lögreglukvenna sem skotnar voru til bana við skyldustörf í Manchester síðastliðið haust.

Söguvið myndarinnar er Bítlaborgin Liverpool. Sagan segir af lögreglumanni sem í starfi sínu er fullur fagurra hugsjóna, allt þar til besta vinur hans og samstarfsfélagi lætur lífið í grimmilegri árás. Á sama andartaki umturnast líf góðu löggunnar, sem ákveður að leita hefnda og taka lögin í sínar hendur.



„Þessa sögu geta allir sam-samað sig við. Þegar augnabliks afdrifarík ákvörðun gjörbreytir lífi manns,“ segir enski leikarinn Warren Brown, sem leikur aðalhlutverkið. Til að gera hlutverkið trúverðugt varði Warren löngum stundum með lögreglumönnum í starfi.

„Ég er ekki sannfærður um að starfið hentaði mér í veruleikanum. Ég dáist mjög að lögreglumönnum en kann best við að vera leikari,“ segir hann.

Warren er fyrrverandi atvinnumaður og heimsmeistari í Taísparkboxi og taldi bakgrunninn verða sér fjötur um fót þegar hann ákvað að reyna fyrir sér sem leikari.

„Reynslan varð á hinn veginn, því leiklist er líkamlega krefjandi. Hún útheimtir sömu hvöt, einbeitingu og eldmód og ég notaði í hringnum og ég upplifi sama adrenalínkikk-ið á sviði og ég gerði í hringnum. Líkindin eru því mikil og ávinningurinn góður.“



Michel Dorn

Leikinn af Donald Sutherland

Dorn stofnaði alþjóðasveitina. Í æsku horfði hann upp á nasista myrða fjölskyldu sína og var tíu ára gerður að sendisveini nasista. Hann flúði og vann eftir það fyrir frönsku andspyrnuhreyfinguna. Dorn hefur verið ævinn í að elta uppi stríðsglæpamenn.

Tommy McConnel

Leikinn af Richard Flood

McConnel er lögreglufulltrúi írsku lögreglunnar. Hann er slagsmálhundur og fær þjófur og studdi IRA á yngri árum. Þegar lögreglan náði honum bauðst honum að aðstoða alþjóðasveitina eða sitja í fangelsi.

Carl Hickman

Leikinn af William Fichtner

Hickman hætti í löggunni í New York eftir að hann meiddist í starfi. Hann er háður verkjalyfjum og vinnur í sorphirðu þegar hann er kallaður til liðs við sveitina.

LÖGREGLA ÁN LANDAM

Crossing Lines er glæný sakamálasería sem hefur göngu sína á Stö sem ná yfir landamæri ríkja Evrópu, en höfundur og hugmyndasmið

CROSSING LINES Hefst 14. júlí


Carl Hickman er gamalreyndur lögreglumaður frá New York sem endaði ferilinn á slysabótum. Hann býr í hjólhýsi í Amsterdam og vinnur við að tína rusl. Hann er háður verkjalyfjum og virðist ekki hafa líkamlega né andlega burði í flóknara starf. Það breytist þegar gamall kunnungi hans úr frönsku lögregl-

unni, Louis Daniel, fær hann til að snúa aftur til starfa fyrir nýja alþjóðlega lögreglusveit.

Sveitin er hugarfóstur lögfræðingsins Michel Dorn, sem leikinn er af Donald Sutherland. Dorn starfar við alþjóðasakamáladómstólinn í Haag og setur saman hóp sérfræðinga frá Frakklandi, Englandi, Írlandi, Þýskalandi og Ítalíu með það að markmiði að rannsaka glæpi sem ná yfir landamæri ríkja Evr-

ópu. Hver og einn í sveitinni kemur með dýrmæta reynslu og einstaka hæfileika.

Með hlutverk Carl Hickman fer William Fichtner, sem lék meðal annars hlutverk hins gallharða FBI-fulltrúa Alexander Mahone í Prison Break. Með önnur aðalhlutverk fara frönsku leikararnir Marc Lavoine og Moon Dailly, ítalska leikkonan Gabriella Pession, þýski sjarmörinn Tom Wlaschiha og írski



Eva Vittoria

Leikinn af Gabriella Pession
Vittoria er liðbjálfi í ítalska hernum og sú eina í alþjóða-sveitinni sem ekki kemur úr lögreglunni. Liðsfélagar hennar eiga þess vegna erfitt með treysta henni. Hennar sérsvið er smygl, peningabætti og mafían.

Sebastian Berger

Leikinn af Tom Wlaschiha
Berger er rannsóknarlögga frá Berlín. Hann er tækniheilinn í sveitinni og notar nýjustu tækni, Scan-Gen, til að endurskapa vettvang glæps.

Louis Daniel

Leikinn af Marc Lavoine
Daniel er súperstjarna í frönsku lögreglunni og hefur leitt öll helstu mál hennar til lykta. Eftir að rússnesk glæpaklíka gerir árás á heimli hans svo barn hans deyr biður hann um inngöngu í sveitina.

A IÆRA

ð 2 sunnudaginn 14. júlí. Sérsvait lögreglufólks rannsakar glæpi
ur þáttanna er sá sami og gerir sakamálabættina Criminal Minds.

sjarmörinn Richard Flood.

Crossing Lines er fyrsta evrópska þáttaröðin sem ratar inn á einhverja af fjórum stóru almenningssjónvarps-stöðvunum í Bandaríkjunum. Þar hafa í gegnum tíðina verið sýndar þáttaraðir sem unnar eru í samvinnu Bandaríkjamanna og Evrópubúa en Crossing Lines er alveg unnin í Evrópu. Þættirnir eru meðal annars teknir upp í París og Prag.

Crossing Lines var frumsýnd á Rai 2 á Ítalíu um miðjan júní og skömmu síðar á NBC í Bandaríkjunum. Sýningar hefjast í Frakklandi og Þýskalandi síðar á árinu.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn var stofnaður árið 2002 sem varanlegur dómstóll til að meðhöndla sakamál eins og þjóðarmorð,

glæpi gegn mannkyninu, stríðsglæpi og árásarglæpi. Dómstólnum er ætlað að vera viðbót við dómkerfi einstakra ríkja þegar þeir dómstólar eru óhæfir eða óviljugir til að rannsaka slíka glæpi. Dómstóllinn lætur þannig einstökum ríkjum eftir lögsögu yfir meintum glæpamönnum. 104 ríki eiga aðild að dómstólnum, sem er með höfuðstöðvar í Haag í Hollandi.



Sveppi fær söngvarann Jón Jónsson í heimsókn í þættinum Besta svarið.

SKONDIÐ OG SKEMMTILEGT

BESTA SVARIÐ
KI. 20.05
föstudag

Spurninga- og fjölskyldu-þátturinn Besta svarið hóf göngu sína um miðjan júní-mánuð og hefur hlotið góðar viðtökur hjá áhorfendum Stöðvar 2. Í þættinum fær Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi, þjóðþekktan gest í heimsókn. Með honum í för eru þrír vinir eða ættingjar sem keppa í spurningakeppni um viðkomandi aðila. Í fyrsta þættinum mætti Selma Björnsdóttir leik- og söngkona í hús og síðasta föstudag kepptu vinir Gísla Arnar Garðarssonar leikara. Næsta föstudag verður söngvarinn geðþekki Jón Jónsson gestur þáttarins. Með honum mæta þrír vinir hans sem spreyta sig í spurningakeppni um söngvarann. Jón segir gerð þáttarins hafa verið mjög skemmtilega og gaman hafi verið að taka þátt með vinum sínum. „Síðan er Sveppi eins og hann er, alltaf léttur, ljúfur og kátur. Ég er síðan þakklátur vinum mínum fyrir að gefa mér ekki ömurlega valkosti í svörum því það eru jú bara

þrír möguleikar í boði sem vinir mínir gefa mér.“
Spurningakeppnin byggist þannig upp að Sveppi spyr vinina spurninga um gestinn. Vinirnir svara þeim á ólíka vegu og gesturinn þarf alltaf að velja eitt svar. Í raun eru því engin rétt eða röng svör heldur á gesturinn að finna besta svarið við frumlegum spurningum. „Ég slapp nú bara nokkuð vel, verð ég að segja. Stundum gáfu svarmöguleikarnir til kynna að mér væri til dæmis illa við einhver lög, sem er í raun alls ekki rétt. Engu að síður var þetta allt saman skondið og skemmtilegt og ég er bara ánægður með þáttinn.“
Vinir Jóns sem mættu með honum í þáttinn heita Björn Bragi Arnarsson, Kristján Sturla Bjarnason og Óttar Snædal Þorsteinsson. „Við kynntumst fyrir tólf árum þegar við hófum allir nám við Verslunarskólann árið 2001. Ég á vini víða en ákvað að hafa þetta svolítið „lók“ svo þeir gætu fíflast svolítið. Hefði þátturinn verið lengri hefði verið gaman að fá meiri vitleysu úr þeim en það var ekki pláss fyrir meiri fíflæti að þessu sinni.“



Með Jóni í för eru þrír vinir hans frá Verslunarskólaárunum.

MYNDIR HELGARINNAR




THE LUCKY ONE

FROM THE AUTHOR OF THE NOTEBOOK



THE LUCKY ONE
Kl. 21.55 Laugardag

Ungur hermaður snýr aftur eftir afplánaða herskyldu og hefur leit að stúlkunni sem hann telur að það sé að þakka að hann sneri heill heim úr stríðinu. Zac Efron er í aðalhlutverki.



BLUE VALENTINE
Kl. 23.00 Föstudag

Ryan Gosling og Michelle Williams í óvenjulegri og nútímalegri ástarsögu.

10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ



Miðviku-
dagur
**Chicago
Overcoat**



Fimmtudagur
Water for Elephants



Föstudagur
Moneyball



Laugardagur
**The Three
Muske-
teers**



Sunnudagur
The A-Team

Mánudagur
**Safe
House**



Þriðjudagur
**Planet of
the Apes
(2001)**



Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2

NÚ GETUR ÞÚ DEKRAÐ VIÐ BÍLINN!

Áskrifendum í Stöð 2 Vild býðst 40% afsláttur af bílaþvotti að utan hjá Splash Hagasmára.

Splash er glæsileg bílaþvottastöð sem býður upp á tjöru- og flugnahreinsun, háþrýstipvott, svampþvott með Sonax Brilliant Shine-bílasápu, Sonax-bón og skulun með eimuðu vatni. Handþurrkun á bíl og innan úr hurðafölsum. Tekur aðeins 7-10 mínútur.

Opnunartími Splash:

Mánudaga til föstudaga 9-18
Laugardaga 10-18

Athugið: Splash tilboð gildir aðeins á þvotti að utan.

Kynntu þér þetta og fleiri spennandi tilboð nánar á stod2.is.



STÓRU LIÐIN MÆTA TIL LEIKS Í SUMAR

Stöð 2 Sport og Sport 2 hafa tryggt sér sýningaréttinn á fjölmörgum fótboldaleikjum í sumar.

Fjöríð hefst um næstu helgi þegar besti knattspyrnumaður heims, Lionel Messi, mætir til leiks með vini sína í sérstökum sýningarleik í Medellín í Kólumbíu. Útsending hefst á samtengdum rásum Stöðvar 2 Sport og Sport klukkan 23.55 á laugardag.

Meðal þeirra sem taka þátt í leiknum eru, auk Messi, Diego Forlan, Sergio Aguero, Javier Mascherano, Antonio Cassano, Marco Materazzi, James Rodriguez og Pablo Aimar. Þjálfarar liðanna verða Fabio Capello og Zico.

Messi verður síðan aftur á ferðinni með vini sína á þriðjudagskvöld í Lima í Perú og þá verða enn fleiri stjórnur búnar að bæta í hópinn. Þar ber hæst að Brasilíumaðurinn Neymar, nýr félagi Messi hjá Barcelona, mætir til leiks, beint úr Álfukeppninni sem lýkur um helgina. Bein útsending frá leiknum hefst klukkan 2 eftir miðnætti á þriðjudagskvöld.

Ensku stórliðin í beinni

Á næstu vikum mæta ensku stórliðin til leiks og hefja undirbúninginn fyrir úrvalsdeildina. Stöð 2 Sport 2 mun m.a. sýna alla 5 leiki Manchester United á ferðalagi liðsins um Asíu og Ástralíu en fyrsti leikurinn er á dagskrá 13. júlí. Sýndir verða leikir Liverpool gegn taílenska landsliðinu, norska liðinu Vålerenga og Celtic auk leiks til heiðurs Steven Gerrard, fyrri liða liðsins, gegn Olympiakos á Anfield Road. Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham verða í eldlinunni í „Ásiukeppni“ ensku

úrvalsdeildarinnar þar sem Manchester City og Sunderland mæta einnig til leiks. Einnig verður sýndur leikur Tottenham og hins upprennandi stórliðs frá furstadæminu Mónakó. Þá verða einnig sýndir allir leikirnir í Audi Cup í Þýskalandi þar sem Bayern München, Manchester City, AC Milan og Sao Paulo mætast og Emirates Cup á Englandi þar sem Arsenal, Napoli, Porto og Galatasaray eigast við. Það verður nóg um að vera hjá fótboldaáhugamönnum næstu vikurnar.



Sjónvarp framtíðarinnar



Tilboð:
iPad mini WiFi 16GB + Apple TV
76.990.-*

Listaverð: 83.980.-



Smáralind

Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

Laugavegi 182

Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍÐ

Apple iPad



STÖÐ 2 OG RÚV HVAR SEM ER MEÐ OZ APPINU!

Nú getur þú horft á Stöð 2 og RÚV í iPad hvar og hvenær sem er með nýja OZ appinu. Með einum smelli er hægt að spóla allt að eina klukkustund aftur í tímann. Auk þess er hægt að taka upp dagskrárliði og safna þínum uppáhaldspáttum til að horfa á þegar þér hentar. Prófaðu ókeypis á oz.com.

Eigum 18 gerðir af iPad og iPad mini á lager á lægra verði.



9,7" NEXTBOOK

nextbook

Öflug spjaldtölva með 1GB vinnsluminni, myndavél að framan og aftan, HDMI tengi og Bluetooth. 8GB Flash minni en microSD minnisrauf fyrir allt að 32GB.



NEX-M1005NT

34.990

10" MEMO PAD

ASUS

Fullkominn ferðafélagi fyrir alla fjölskylduna. Fjögurra kjarna Nvidia Tegra 3 örgjörvi, 16GB minni sem hægt er að stækka um 32GB. Kristaltær og skýr IPS snertiskjár með 10 punkta næmni. Android 4.1 Jelly Bean.



ASU-ME301T1B041A

59.990

BARNATÖLVUR Í FLOTTUM LITUM

Lenco

7" Lenco CoolTab spjaldtölva sem koma með bleikri og blárri silikon hlíf til að minnka líkur á hnjaski hjá börnum og gefur betra grip. Android 4.0 og Google Play.



LENCO COOLTAB-70 BL

19.990

ÖRÞUNN 8" NEXTBOOK

nextbook

Sérstaklega nett og meðfærileg spjaldtölva með Android 4.0 og allt að 6 klukkutíma rafhlöðuendingu. Frábært verð.



NEX-M8000NC

22.990

10" SPJALDTÖLVA Á 19.990!

UNITED

10" spjaldtölva með Android 4.0 og Google Play. 5 punkta 1024x600 snertiskjár. 4GB minni sem hægt er að stækka um 32GB með micro SD.



UNITED TAB1012 BK

19.990

tl.is

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS



OPIÐ
10-18
ALLA VIRKA DAGA

**TÖLVU
LISTINN**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750